

Áætlun um skatttekjur ríkissjóðs árið 2010 skv. fjárlögum 2010 og fjárlagafrumvarpi 2011

Milljarðar kr.	Fjárlög 2010			Fjárlagafrumvarp 2011			Ofmat
	Áætlun 2009	Fjárlög 2010	Mismunur Aukning	Reikn. 2009	Áætlun 2010	Mismunur Aukning	
Skattar á einstaklinga	103,50	123,80	20,30	109,95	117,00	7,05	13,25
Skattar á lögaðila	20,80	17,70	-3,10	31,11	17,70	-13,41	10,31
Tryggingagjald	40,75	60,68	19,93	44,76	62,33	17,58	2,36
Eignarskattar	4,84	8,13	3,30	5,32	8,22	2,90	0,40
Virðisaukaskattur	119,60	124,70	5,10	121,25	126,90	5,65	-0,55
Aðrir skattar	69,07	79,61	10,54	72,72	82,67	9,95	0,59
Samtals	358,55	414,62	56,07	385,11	414,82	29,72	26,35

Alþingi
Erfindi nr. P 139/S34
komudagur 19.11.2010



Fjármálaráðherra
Steingrímur Sigfússon
Fjármálaráðuneytið
Arnarhvoli

Reykjavík, 24. september 2010

Í gær lögðu neðangreind samtök fram og kynntu skýrslu um skattkerfi atvinnulífsins þar sem settar voru fram fjölmargar tillögur um breytingar á ákvæðum skattalaga. Í grófum dráttum má flokka tillögurnar í tvennt. Annars vegar eru gerðar tillögur um afnám eða lækkanir á tilteknum sköttum og hins vegar tillögur um tæknilegar lagfæringar á ýmsum ákvæðum sem standa atvinnulífinu fyrir þrifum og hafa annað hvort engin eða neikvæð áhrif á tekjur ríkissjóðs. Á fundinum lýsti ráðherra vilja til samstarfs við samtökin um næstu skref og kvaðst jafnframt reiðubúinn til viðræðna um lagfæringar á tæknilegum atriðum sem gerð eru að umtalsefni í skýrslunni.

Undir tæknilegar lagfæringar má flokka tillögur samtakanna í eftirfarandi málaflokkum:

- Skattlagning í fámennum hlutafélögum
- Frádráttarreglur vegna arðs og söluhagnaðar
- Tekjuskattur erlendra aðila með takmarkaða skattskyldu
- Ívilnanir fyrir nýsköpunarfyrirtæki
- Afdráttarskattur á vaxtagreiðslur erlendra aðila
- Skattlagning gengishagnaður á innlánsreikningum í erlendri mynt
- Skylda verðbréfafyrirtækja til staðgreiðslu fjármágnstekjuskatts
- Skattlagning afleiðusamninga
- Afdráttarskattur af söluhagnaði hlutabréfa
- Skattlagning eingreiðslna við útgreiðslu sjúkdómatrygginga

SA og VÍ óska hér með eftir því að myndaður verði starfshópur sérfræðinga ráðuneytisins og samtakanna sem fjalli um nefnd atriði og skili niðurstöðum í tæka tíð svo umt verið að fella breytingar sem sátt er um inn í skattalögin fyrir næstu áramót.

Virðingarfyllt,

F.h. Samtaka atvinnulífsins

Vilhjálmur Egilsson

F.h. Viðskiptaráðs Íslands

Þinnur Óddsson